




Prestur:

Séra Þorvaldur Víðisson

Einsöngur:

Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Tara Sif Þrastardóttir,

Baldur og Finnur Kristjánssynir

Undirleikarar:

Helgi Reynir Jónsson, Þórður Gunnar Þorvaldsson,

Gunnar Leó Pálsson

Kór:

Kammerkór Bústaðakirkju

Umsjón útfarar:

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug.

Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.



Stefanía Þorvaldsdóttir

Fædd 24. janúar 1956

Dáin 20. janúar 2022



Útför frá Bústaðakirkju
mánudaginn 7. febrúar 2022

Forspil

Heyr, himna smiður

Kolbeinn Tumason - Þorkell Sigurbjörnsson

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Matthias Jochumsson - Lowell Mason 1856

Ritningarlestur

Kórsöngur

Drottinn er minn hirðir

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Guðspjall

Einsöngur

Minning

Ingibjörg Gunnarsdóttir - Bob Dylan



Minningarorð

Mamma

*Texti: Baldur Kristjánsson, Finnur Kristjánsson
og Sigurður G. Gunnarsson*

Lag: Baldur Kristjánsson og Finnur Kristjánsson

Alltaf þegar þörf er á
er hún tilbúin mér við hlið
Eins er litla hjartað mitt er aumt
hún strýkur það

Áfram veginn vísar mér
og hún mun þangað leiða mig
Þetta er hún móðir mín,
mín stoð á lífsins leið

Þegar ég hugs'um það sem mér er næst
er það, þú sem ég hugs'um fyrst
Öll sú ást, góðar minningar við höfum átt

Við skulum gá, bíða og sjá
hvað hefur bæst
og hver stendur okkur næst
Eitt er það víst, að það ert þú
sem okkur lífið gafst

Bæn og Faðir vor

Einsöngur

Minning

Lag og texti: Máni Björgvinsson

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði,
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð, leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinnsson - Erlent lag

Eftirspil

Á heimaslóð

Texti: Bjartmar Hannesson - Lag: Þorvaldur Jónsson

